

# ÁRSSKÝRSLA

---

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS 2009



## **Skipulag Sláturfélags Suðurlands svf. 31.12.2009**

### **Stjórn:**

Hallfreður Vilhjálmsson, Kambshóli, formaður  
Sigurlaug Jónsdóttir, Hraunkoti, varaformaður  
Aðalsteinn Guðmundsson, Húsatóftum II, ritari  
Kristinn Jónsson, Staðarbakka  
Guðmundur H. Davíðsson, Miðdal

### **Varastjórn:**

Brynjólfur Ottesen, Ytra-Hólmi I  
Ólafur Þorsteinn Gunnarsson, Giljum I  
Björn Harðarson, Holti I  
Guðmundur Ómar Helgason, Lambhaga  
Guðmundur Jónsson, Reykjum

### **Félagskjörnir skoðunarmenn:**

Ásbjörn Sigurgeirsson, Ásbjarnarstöðum  
Kristján Mikkelsen, Stóru-Mörk III

### **Varaskoðunarmenn:**

Esther Guðjónsdóttir, Sólheimum  
Kjartan Magnússon, Fagurhlíð

### **Endurskoðunarnefnd:**

Ásbjörn Sigurgeirsson, Ásbjarnarstöðum  
Kjartan Magnússon, Fagurhlíð  
Sigurlaug Jónsdóttir, Hraunkoti

### **Forstjóri:**

Steinþór Skúlason

### **Forstöðumenn aðaldeilda:**

Hjalti H. Hjaltason, fjármáladeild  
Guðmundur Svavarsson, framleiðsludeild  
Steinþór Skúlason, sölu-/markaðsdeild

Matthías H. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Reykjaröðs hf.

Umsjón: Fjármáladeild SS  
Hönnun: Ísafoldarprentsmiðja  
Mynd á kápu: Hekla, Hallgrímur P. Helgason.  
Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja  
Prentað á umhverfisvænan pappír



# ÁRSSKÝRSLA 2009

**SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF.  
103. STARFSÁR  
AÐALFUNDUR 26. MARS 2010**

## **Efnisyfirlit**

Ávarp forstjóra .....	2
Afkoma ársins .....	2
Rekstur megindeilda .....	5
Lykiltölur úr samstæðureikningi .....	8
Ársreikningur samstæðunnar .....	9
Áritun óháðra endurskoðenda .....	10
Skýrsla stjórnar .....	11
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu .....	12
Efnahagsreikningur .....	13
Sjóðstreymi .....	15
Skýringar með ársreikningi .....	16
Félagsdeildir og formenn .....	32
Stjórnarhættir .....	33
Starfshættir .....	35



## ÁVARP FORSTJÓRA

Rekstur Sláturfélagsins gekk eftir atvikum vel á liðnu ári. Heildar innanlandssala kjöts minnkaði um 8% en Sláturfélagið hélt nær óbreyttu magni og jók þar með hlutdeild sína. Staða félagsins á markaði unninna kjötvara er sterk og vaxandi. Innfluttar nýlenduvörur, áburður og fóður seldust einnig vel og eru að auka hlutdeild sína.

Vegna gengislækkunar krónunnar hafa allar innfluttar rekstrarvörur, sem félagið notar, hækkað mikið auk þess sem innlendar kostnaðarhækkningar eru umtalsverðar. Flutningur afgreiðsludeildar til Hvolsvallar í árslok 2008 reyndist mjög hagkvæmur og hefur hjálpað til við að halda í horfinu við erfiðar aðstæður. En ekki hefur verið mögulegt að hækka verð eða náðst að hagræða til að mæta öllum kostnaðarauka eins og sést á afkomu félagsins fyrir fjármagnsliði.

Þær hremmingar sem þjóðin hefur lent í hafa beint sjónum fólks að starfsemi sem skapar raunveruleg verðmæti. Innlend framleiðsla þ.m.t. landbúnaður og úrvinnsla nýtur vaxandi fylgis meðal neytenda. Hreinleiki og heilbrigðisástand innlendra matvæla er einstakt sem m.a. skilar sér í því að kostnaður þjóðfélagsins vegna matarsýkinga er óverulegur og miklu minni en víðast hvar án þess að það hafi verið talið innlendum landbúnaði nægjanlega til tekna.

Aðgát í rekstri og engar áhættufjárfestingar í hlutabréfum, skuldabréfum eða stöðutökum hafa skilað Sláturfélaginu sterku í gegnum öldurót liðins árs. En betur þarf að gera á landsvisu. Í landinu eru of margar einingar að sinna slátrun og úrvinnslu og verður að ganga hart fram í að fækka þeim til að lækka kostnað og verja þau verðmæti sem innlend framleiðsla stendur fyrir.

Árið 2010 verður fjárfestingum haldið í lágmarki en áhersla lögð á innri þætti. Aukna skilvirkni og nýjar áherslur í stjórnun sem gera fyrirtækið samkeppnisfærara og hæft til að verja leiðandi stöðu sína.

Félagsmönnum, starfsfólki og eigendum B hlutabréfa er þakkað gott samstarf á árinu.

## AFKOMA ÁRSINS

Samstæðuársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélagi þess Reykjagarði hf.

Á árinu 2009 var hagnaður af rekstri Sláturfélags Suðurlands 411,8 mkr. en 1.555,0 mkr. tap árið áður. Jákvæð breyting í afkomu milli ára stafar fyrst og fremst af breytingu á fjármagnsliðum.

Rekstrartekjur Sláturfélagsins á árinu 2009 voru 7.120,4 mkr. en 6.605,2 mkr. árið áður. Velta félagsins jókst því um 7,8% frá fyrra ári.

Vöru- og umbúðanotkun var 3.939,0 mkr. og hækkaði um 14,2% frá fyrra ári. Laun og tengd gjöld námu 1.570,0 mkr. og lækkuðu um 1,5% frá árinu áður. Önnur rekstrargjöld námu 1.256,5 mkr. og hækkuðu um 10,0% frá fyrra ári. Afskriftir og virðisrýrnun var 279,1 mkr. en var 374,3 mkr. árið áður. Lækkunin stafar af 120,6 mkr. niðurfærslu viðskiptavildar árið áður.

Rekstrarhagnaður ársins án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 110,9 mkr. en var 125,1 mkr. árið áður. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru 261,7 mkr. en fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 1.840,6 mkr. árið áður. Gengistap nam 108,8 mkr. samanborið við 1.567,4 mkr. árið áður. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага var jákvæð um 6,5 mkr. en árið áður um 0,1 mkr. Reiknaður er tekjuskattur til tekna að fjárhæð 32,7 mkr. en var 160,4 mkr. árið áður. Hagnaður af rekstri ársins var 411,8 mkr. en 1.555,0 mkr. tap árið áður.



Í árslok 2009 voru heildareignir Sláturfélags Suðurlands bókfærðar á 6.138,7 mkr. og lækkuðu um 1,7% frá fyrra ári. Fastafjármunir voru 3.769,0 mkr. og lækkuðu um 3,9%. Veltufjármunir voru 2.369,7 mkr. og höfðu hækkað um 1,9%.

Eigið fé var 1.383,2 mkr. og hafði hækkað um 37,5% eða 377,3 mkr. Eiginfjárlutfall í lok ársins 2009 var 22,5% en var 16,1% á sama tíma árið áður. Langtímaskuldir og skuldbindingar voru 2.991,8 mkr. og skammtímaskuldir voru 1.763,7 mkr. Heildareignir Sláturfélagsins voru því fjármagnaðar þannig, að 28% voru skammtímalán, 49% voru langtímalán og skuldbindingar, og eigið fé 23%. Veltufjárlutfall var 1,3 í árslok 2009, en var 1,7 í árslok 2008. Arðsemi eigin fjár var jákvæð um 34,5% á árinu 2009, en neikvæð um 118,7% árið 2008.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir alls 131,7 mkr. á árinu, en fyrir 458,2 mkr. árið áður. Vegna fasteigna var varið 28,1 mkr., 102,1 mkr. til kaupa á framleiðsluvélum og tækjum og 1,6 mkr. vegna bifreiða. Á árinu voru seldir varanlegir rekstrarfjármunir fyrir 10,9 mkr.

Veltufé frá rekstri var 384,5 mkr. árið 2009, samanborið við 485,0 mkr. árið 2008.

Í árslok 2009 störfuðu 382 starfsmenn hjá Sláturfélaginu sem er fækkun frá árinu áður er þeir voru 392. Þegar starfsmenn voru flestir hjá félaginu í sláturtíð voru 488 á launaskrá. Unnin ársverk 2009 voru 435 og hafði fækkað um 2 frá árinu áður er þau voru 437.

## AFURÐIR

### SAUÐFÉ

Sumarslátrun hófst 19. ágúst og var slátrað 8.664 kindum. Þann 15. september hófst haustslátrun á Selfossi og lauk 27. nóvember. Haustslátrun var alls 87.771 kind en önnur slátrun var 1.123 kindur. Alls var slátrað 97.558 kindum á árinu sem gera 1.573 tonn af innvegju kjöti, og af þeim voru 5.554 kindur heimtekna. Meðalþungi innlagðra dilka var 15,6 kg, en árið 2008 var hann 15,3 kg.

Á árinu 2009 voru flutt út tæplega 432 tonn ígildi DIA. Birgðir kindakjöts í eigu afurðadeildar í lok ársins voru 1.049 tonn á móti 1.194 tonnum árið áður.

### NAUT

Heildarslátrun nautgripa árið 2009 var 950 tonn af 5.672 sláturgripum og þar af var heimtaka rúmlega 58 tonn. Þetta er 38 tonna minnkun frá fyrra ári.

Heildarsala nautakjöts á árinu 2009 var 891 tonn en var 954 tonn árið 2008.


Heildarverðmæti innlagðra nautgripaafurða á árinu 2009 var 370,5 mkr. en var 384,5 mkr. árið 2008.

Birgðir nautakjöts í eigu afurðadeildar voru 9 tonn í árslok en árið áður voru birgðir 4 tonn.


### HROSS

Heildarslátrun hrossa árið 2009 var 340 tonn af 2.473 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 4 tonn. Þetta er 24 tonna aukning í slátrun frá fyrra ári.

### Sauðfjárslátrun 1907 – 2009




### Nautgripaslátrun 1907 – 2009





Hrossaslátrun  
1907 – 2009



Heildarverðmæti innlagðra hrossaafurða á árinu 2009 var 40,8 mkr. en var 36,7 mkr. árið áður.

Heildarsala hrossakjöts á árinu 2009 var 343 tonn á móti 326 tonnum árið áður, þar af voru flutt út rúmlega 220 tonn umreiknað í kjöt í heilu.

Birgðir hrossakjöts í eigu afurðadeildar voru í árslok rúmlega 25 tonn en voru 20 tonn árið 2008.

### SVÍN

Heildarslátrun svína árið 2009 var 880 tonn af 10.852 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 75 tonn. Þetta er 55 tonna minnkun í slátrun frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra svínaafurða á árinu var 222,4 mkr. en var 266,5 mkr. árið áður.

Heildarsala svínakjöts á árinu 2009 var 804 tonn sem er 8 tonnum minna en árið 2008.

Birgðir svínakjöts í eigu afurðardeildar voru engar í árslok eins og árið áður.


### KJÚKLINGAR

Heildarslátrun kjúklinga árið 2009 var 3.079 tonn . Þetta er 328 tonnum meira en slátrað var í fyrra.


Heildarsala kjúklinga á árinu 2009 var 3.015 tonn sem er 171 tonni meira en árið áður.

Birgðir kjúklinga í árslok voru 128 tonn en voru 77 tonn árið áður.

Svínaslátrun  
1907 – 2009



Kjúklingaslátrun  
2004 – 2009



	Sláturfjöldi		Br. milli ára	
	2009	2008	Stk.	%
Sauðfé	97.558	106.684	(9.126)	(8,6%)
Nautgripir	5.672	6.010	(338)	(5,6%)
Hross	2.473	2.570	(97)	(3,8%)
Svín	10.852	11.800	(948)	(8,0%)
Kjúklingar	1.963.005	1.793.932	169.073	9,4%

## AFURÐAÐEILD

Eins og undanfarin ár var afkastageta sauðfjársláturhússins vannýtt framan af sláturtíð og er nauðsynlegt að breyta tímasetningu slátrunar til samræmis við tillögur deildarstjórafundar sem haldinn var í desember 2009 og fjallaði m.a. ítarlega um skipulag sauðfjársláturunar. Á heildina litið gekk sauðfjárslátur þó vel og slegin met í afköstum og nýtingu, enda mönnun hússins með eindæmum góð.

Stórgripaslátur gekk vel á árinu, en nýting sláturhússins er þó langt undir afkastagetu. Lítilsháttar samdráttur varð í nautgripaslátur, en talsverð aukning í hrossaslátur. Að jafnaði var jafnvægi í framboði og eftirspurn nautgripa og hrossa, en verulegt offramboð á svínakjöti á markaði með tilheyrandi verðlækkunum.

Dillakjöt var flutt út til Evrópu, Bandaríkjanna, Japans og Norðurlanda. Minna var flutt út til Bandaríkjanna, en áætlanir kaupenda gerðu ráð fyrir og hafði það nokkuð óhagræði í för með sér. Í ljósi minnkandi innanlandssölu á dillakjöti er brýnt að þróa nýja útflutningsmarkaði. Lambagarnir voru fluttar út að nýju eftir nokkurra ára hlé en þróaðar voru nýjar aðferðir við vinnslu og pökkun, sem gerði þennan útflutning hagkvæman á ný. Hrossakjöt var flutt út ferskt í hverri viku og er sú starfsemi í jafnvægi, en nýjar kröfur MAST og ESB um örmerkingar hrossa gætu sett þennan útflutning í uppnám.

Eins og áður naut félagið góðs af störfum fjölda útlendinga í sláturtíð. Hópur atvinnuslárara frá Nýja-Sjálandi vann við sláturina í bland við kjarna Íslendinga, vaxandi hóp Pólverja og fólks af ýmsum þjóðernum.

Stærstur hluti innmats og hausa er hirtur til mannelis. Hefðbundin slátursala var góð og áhugi fólks á slátri og þjóðlegum afurðum fer vaxandi, enda um hollan og ódýran mat að ræða.

Enn fara kröfur til þeirra sláturhúsa, sem selja afurðir innanlands og flytja út á erlenda markaði vaxandi. Erlendir og íslenskir úttektarmenn eru reglulegir gestir á Selfossi og sem fyrr stóðst sláturhúsið ýtrustu kröfur.



## KJÖTIÐNAÐUR

Þrátt fyrir að opinberar tölur um framleiðslu og sölu kjötvara bendi til samdráttar á landsvísu hefur sala Sláturfélagsins og þar með markaðshlutdeild farið vaxandi. Vel heppnaðar auglýsingar, öflug vörubrúun ásamt fagmennsku og metnaði starfsfólks hafa skapað framleiðsluvörum félagsins öflugan sess á markaði. Félagið er leiðandi og vörurnar njóta trausts og virðingar íslenskra neytenda. Skólamáltíðir og sérhæfðar lausnir fyrir stofnanir og mötuneyti njóta vaxandi vinsælda.

Stöðugt er fylgst með breytingum á neyslumynstri og leitast félagið við að svara kalli markaðarins fljótt og vel, með vörubrúun og breyttum umbúðum.

Umbúðir og markaðsáherslur í 1944 línunni gengu í endurnýjun lífdaga með góðum árangri. Nýjar lausnir fyrir skóla- og stofnanamötuneyti litu dagsins ljós og stöðugt fjölgar þeim sem nýta sér slíkar lausnir með tilheyrandi sparnaði og hagkvæmni í rekstri.

Sem fyrr er kjötvinnsla félagsins mönnuð sérmenntuðu fagfólki á sviði kjötiðnaðar, matartækni og gæðastjórnunar í bland við fólk með áralanga reynslu og hæfni úr iðnaðinum. Stöðugt er leitast við að bjóða starfsfólki upp á endurmenntun og námskeið af ýmsu tagi.

Fjárfest var í nýjum tækjabúnaði er miðar að því að halda kjötvinnslnni á Hvolsvelli áfram í fararbroddi íslensks kjötiðnaðar.







Árið 2009 var fyrsta heila árið sem afgreiðsludeild félagsins var rekin á Hvolsvelli. Flutningur hennar frá Fosshálsi skilaði umtalsverðum rekstrarlegum árangri auk annars hagræðis, sem m.a. felst í einfaldari verkferlum, bættri vörumeðhöndlun og auðveldari framleiðslustýringu.

Sem fyrr stendur kjötiðnaður félagsins styrkum fótum og það er metnaður félagsins að reka öflugustu og best tækjum búnu kjötvinnslu landsins. Það er keppikefli félagsins að bjóða íslenskum neytendum hér eftir sem hingað til aðeins úrvals matvörur.

## INNFLUTNINGUR

SS er umboðsaðili fyrir nokkur af stærstu vörumerkjum heims í matvælageiranum. Mars fyrirtækið er þar lang öflugast með vörumerki eins og Uncle Ben's sósur og hrísgrjón, Pedigree og Whiskas gæludýrafóður og svo helstu sælgætismerkin Snickers, Mars, Bounty og m&m's. Barilla pasta, McCormick krydd eru einnig mjög þekkt og alþjóðleg vörumerki sem hafa náð mikilli sölu hér á landi. Þrátt fyrir erfitt markaðsumhverfi hefur tekist vel að viðhalda stöðu í helstu vöruflokkum innfluttrar matvöru.

Sala á tilbúnum áburði fyrir bændur gekk vel á árinu enda Yara áburðurinn viðurkenndur af bændum sem gæða áburður. Allur Yara áburður er einkorna, hlaðinn nauðsynlegum aukaneingarefnum og snefilefnum sem nauðsynleg eru til að ná hámarksuppskeru og gæðum. Yara í Noregi er heimsframleiðandi á áburði og þekkt fyrir vörugæði.

Innflutningur á kjarnfóðri í samstarfi við Dansk Landbrugs Growareselskab (DLG) gekk vel á árinu en nú eru 3 fóðurbílar komnir í notkun. Fyrst og fremst hefur verið lögð áhersla á sölu á kúafóðri og hefur markaðssvæðið verið stækkað. Bændur kunna vel að meta að eiga fleiri valkosti í kjarnfóðurkaupum enda vörugæðin mikil.

## REYKJAGARÐUR HF

Þrátt fyrir erfitt rekstrarumhverfi náði Reykjagarður að viðhalda ágætlega stöðu sinni á markaði fyrir alifuglaafurðir. Háu kjarnfóðurverði og hækkun annarra aðfanga til framleiðslu var mætt með aðhaldi í rekstri og fjárfestingum.

Mikil samkeppni var áfram á kjötmarkaðnum og söluverð ekki að endurspeglar kostnaðaraukningu innfluttra aðfanga samfara veikingu krónunnar. Erfið staða heimila og brottflutningur fjölda fólks hefur einnig haft töluverð neikvæð áhrif sem brugðist hefur verið við með öflugri vörupróun og aðlögun að breyttu neyslumynstri. Til að auka ennfrekar fjölbreytni í vöruframboði hófst markaðssetning á aliöndum og kalkúnum til viðbótar vörum úr kjúklingum sem hefur verið aðalsmerki félagsins. Holta vörumerkið er sem fyrr ákaflega sterkt í hugum neytenda og ímynd þess góð.





## FJÖLDI SLÁTURFJÁR OG MEÐALÞUNGI DILKA

	2009		2008	
	stk.	kg.	stk.	kg.
Öræfadeild	3.469	16,7	4.179	15,8
Hörglandsdeild	4.031	15,1	3.927	14,6
Kirkjubæjardeild	6.073	15,8	5.861	15,9
Skafartungudeild	4.785	14,9	4.214	15,2
Álftavers- og Meðallandsdeild	4.400	14,7	4.521	14,0
Hvamsdeild	3.017	16,3	3.175	16,1
Dyrhóladeild	3.392	14,4	3.009	14,4
A-Eyjafjalladeild	1.848	16,4	2.057	16,0
V-Eyjafjalladeild	3.947	15,6	3.704	14,9
A-Landeyjadeild	1.622	16,0	2.582	14,8
V-Landeyjadeild	2.707	15,1	3.133	14,5
Fljótshlíðar- og Hvolshreppsdeild	5.145	15,4	5.190	15,2
Rangárvalladeild	4.051	15,0	4.225	15,1
Holta- og Landmannadeild	4.415	15,4	4.521	14,9
Ása- og Djúpárdeild	3.283	15,1	3.460	15,0
Gaulverjabæjardeild	401	15,9	433	15,9
Árborgardeild	662	19,0	756	16,4
Hraungerðisdeild	1.631	16,7	1.561	16,3
Villingaholtsdeild	1.240	16,8	1.110	16,3
Skeiðadeild	2.092	15,5	1.731	14,8
Gnúpverjadeild	1.694	16,8	1.816	17,0
Hrunamannadeild	4.418	16,1	4.160	15,8
Biskupstungnadeild	1.728	18,4	1.295	18,4
Laugardalsdeild	970	15,7	831	16,4
Grímsnesdeild	2.897	15,0	3.104	14,5
Þingvalla- og Grafningsdeild	4.046	15,1	4.002	15,5
Ölfusdeild	1.278	15,4	1.596	15,1
Kjósardeild	3.050	15,6	3.084	15,7
Hvalfjarðardeild	2.506	15,1	4.663	15,1
Borgarfjarðar- og Mýrardeild	3.762	15,0	6.209	15,2
Daladeild	2.830	16,0	5.585	15,9
Snæfells- og Hnappadalsdeild	4.632	15,8	4.646	16,0
Utan deilda	1.535	15,3	2.344	15,2





## LYKILTÖLUR ÚR SAMSTÆÐUREIKNINGI

Rekstur	2009	2008	2007	2006	2005
Fjárhæðir í mkr.					
Rekstrartekjur .....	7.120,4	6.605,2	5.472,4	5.043,1	4.866,5
Aðrar tekjur .....	35,1	77,7	34,4	41,3	27,9
Vöru- og umbúðanotkun .....	(3.939,0)	(3.448,3)	(2.540,3)	(2.505,8)	(2.500,4)
Laun og tengd gjöld .....	(1.570,0)	(1.593,1)	(1.480,4)	(1.298,6)	(1.178,7)
Annar rekstrarkostnaður .....	(1.256,5)	(1.142,1)	(1.020,9)	(897,5)	(800,4)
Afskriftir og virðisrýrnun .....	(279,1)	(374,3)	(239,3)	(228,5)	(220,4)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>110,9</b>	<b>125,1</b>	<b>225,9</b>	<b>154,0</b>	<b>194,5</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	261,7	(1.840,6)	(123,5)	(158,7)	(48,5)
Hagnaður af sölu hlutabréfa .....	0,0	0,0	4,2	5,3	184,9
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi .....	6,5	0,1	24,6	22,8	12,5
Hagn. (tap) fyrir aðra liði .....	379,1	(1.715,4)	131,2	23,4	343,4
Tekjuskattur .....	32,7	160,4	1,5	0,0	0,0
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	<b>411,8</b>	<b>(1.555,0)</b>	<b>132,7</b>	<b>23,4</b>	<b>343,4</b>
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>384,5</b>	<b>485,0</b>	<b>337,6</b>	<b>364,5</b>	<b>355,3</b>
<b>Efnahagur 31. desember</b>	<b>2009</b>	<b>2008</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>	<b>2005</b>
Fjárhæðir í mkr.					
Fastafjármunir .....	3.769,0	3.922,1	2.968,2	2.426,1	2.355,5
Veltufjármunir .....	2.369,7	2.325,7	1.558,9	1.309,9	1.222,2
<b>Eignir samtals</b>	<b>6.138,7</b>	<b>6.247,8</b>	<b>4.527,1</b>	<b>3.736,0</b>	<b>3.577,7</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>1.383,2</b>	<b>1.005,9</b>	<b>1.613,8</b>	<b>1.564,3</b>	<b>1.572,6</b>
Þar af A og B-deild stofnsjóðs .....	437,4	439,2	420,9	407,7	383,8
Langtímaskuldir og skuldbindingar .....	2.991,8	3.854,8	2.024,3	1.319,7	1.360,0
Skammtímaskuldir .....	1.763,7	1.387,1	889,0	852,0	645,1
<b>Skuldir samtals</b>	<b>4.755,5</b>	<b>5.241,9</b>	<b>2.913,3</b>	<b>2.171,7</b>	<b>2.005,1</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>6.138,7</b>	<b>6.247,8</b>	<b>4.527,1</b>	<b>3.736,0</b>	<b>3.577,7</b>
<b>Kennitölur</b>					
EBITDA .....	390,0	499,4	465,2	382,5	414,9
Innra virði .....	3,2	2,3	3,8	3,8	4,1
Veltufjárhlutfall .....	1,3	1,7	1,8	1,5	1,9
Eiginfjárhlutfall .....	23%	16%	36%	42%	44%
<b>Ársverk</b>					
Unnin ársverk .....	435	437	441	430	415



# Sláturfélag Suðurlands svf.

Ársreikningur samstæðunnar

## 2009



## ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

### Til stjórnar og eigenda í Slátturfélagi Suðurlands svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Slátturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess Reykjaráðs hf. fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á eigin fé félagsins, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2009, efnahag hennar 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Kópavogur, 26. febrúar 2010

Deloitte hf.

Benóní Torfi Eggertsson,  
endurskoðandi

Jón Rafn Ragnarsson,  
endurskoðandi

### Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Slátturfélags Suðurlands svf., höfum farið yfir ársreikning þennan. Við teljum að hann sé í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og samþykktir félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 26. febrúar 2010

Ásbjörn Sigurgeirsson

Kjartan Magnússon



## SKÝRSLA STJÓRNAR

---

Ársreikningur samstæðu Slátturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2009 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskila-  
staðla. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Slátturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess, Reykja-  
garðs hf. sem Slátturfélagið á að öllu leyti.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri samstæðu Slátturfélags Suðurlands svf. á árinu 2009 412 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 6.139 millj.kr., bókfært eigið fé samstæðunnar er í árslok 1.383 millj.kr. og eiginfjárlutfall er 22,5%.

Stofnsjóðseign í A-deild er í árslok 257 millj.kr. og eiga 2.211 aðilar yfir kr. 1.000 í stofnsjóði, en þeir voru 2.227 árið  
áður. Stofnsjóðseign í B-deild er 200 millj.kr. sem skiptist á milli 572 hluthafa og fjölgaði þeim um 4 frá síðasta ári.  
Enginn stofnsjóðseigandi á yfir 10% af stofnsjóði A-deildar. Tveir hluthafar eiga yfir 10% hlut í B-deild stofnsjóðs, Virðing  
hf. með 31,75% hlut og Ólafur Í. Vernerðsson með 22,76% hlut. Slátturfélag Suðurlands svf. á 9,96% hlut í B-deild stofn-  
sjóðs eða 19,9 millj.kr. og er sú fjárhæð færð til lækkunar á stofnsjóðseign í B-deild meðal eiginfjárreikninga.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að hvorki verði greiddur arður af B-deild né reiknaðir vextir á höfuðstól inneigna  
í A-deild stofnsjóðs. Stjórnin vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins m.a. að hagnaður  
ársins sé færður til lækkunar á ójöfnuðu tapi félagsins.

Að álitni stjórnar og forstjóra Slátturfélags Suðurlands svf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauð-  
synlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu, auk  
þess að greina frá áhættustýringu og þeim óvissuþáttum sem félagið kann að mæta. Slátturfélagið fylgir ekki að öllu  
leyti leiðbeiningum Kauphallar um stjórnhætti fyrirtækja, svo sem um óháða stjórnarmenn, þar sem þær í veigamiklum  
atriðum, taka ekki mið af starfsháttum samvinnufélaga.

Stjórn og forstjóri Slátturfélags Suðurlands svf. staðfesta hér með ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2009 með  
undirritun sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2010

### Stjórn

Hallfreður Vilhjálmsson,  
formaður

Sigurlaug Jónsdóttir,  
varaformaður

Kristinn Jónsson

Aðalsteinn Guðmundsson

Guðmundur Davíðsson

### Forstjóri

Steinþór Skúlason



## REKSTRARREIKNINGUR OG YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU ÁRSINS 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrartekjur .....	3	7.120.441	6.605.264
Aðrar tekjur .....		35.121	77.706
Vöru- og umbúðanotkun .....		(3.938.964)	(3.448.296)
Laun og tengd gjöld .....	4	(1.570.015)	(1.593.112)
Annar rekstrarkostnaður .....		(1.256.514)	(1.142.088)
Afskriftir og virðisrýrnun .....	10/12	(279.136)	(374.332)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<u>110.933</u>	<u>125.142</u>
Fjármunatekjur .....	6	106.096	93.395
Fjármagnsgjöld .....	7	155.618	(1.933.973)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi .....	13	6.440	66
Hagnaður (tap) fyrir skatta .....		<u>379.087</u>	<u>(1.715.370)</u>
Tekjuskattur .....	8/21	32.693	160.390
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>		<u>411.780</u>	<u>(1.554.980)</u>
<b>Yfirlit um heildarafkomu</b>			
Hagnaður (tap) ársins .....		411.780	(1.554.980)
Endurmat fastafjármuna .....	11	0	1.129.785
Tekjuskattur vegna endurmats .....	8/21	(32.693)	(169.468)
<b>Heildarhagnaður (tap) ársins</b>		<u>379.087</u>	<u>(594.663)</u>
<b>Hagnaður (tap) á hlut</b>			
Hagnaður (tap) á hverja krónu útstandandi stofnsjóða .....	9	0,94	(3,62)

Fjárhæðir eru í þús. kr.



## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2009

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31.12.2009</b>	<b>31.12.2008</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	10/11	3.648.210	3.804.309
Eignarhlutar í félögum .....	13/14	101.644	95.564
Skuldabréfaeign .....	15	19.187	22.248
		<u>3.769.041</u>	<u>3.922.121</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....	16	1.439.877	1.496.052
Skuldabréfaeign .....	15	5.106	5.520
Viðskiptakröfur .....	17	810.033	730.174
Aðrar skammtímakröfur .....	17	87.621	68.892
Handbært fé .....	17	27.036	25.035
		<u>2.369.673</u>	<u>2.325.673</u>
<b>Eignir</b>		<u>6.138.714</u>	<u>6.247.794</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Stofnsjóður A-deild .....	18	257.320	259.142
Stofnsjóður B-deild, hlutafé .....	18	180.074	180.074
Yfirverðsreikningur hlutafjár .....		159.111	159.111
Lögbundinn varasjóður .....		97.164	97.164
Sérstakur endurmatsreikningur .....	12	893.609	960.317
Ójafnað tap .....		(204.115)	(649.925)
Eigið fé		<u>1.383.163</u>	<u>1.005.883</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Langtímaskuldir .....	19	2.963.761	3.823.455
Eftirlaunaskuldbinding .....	22	28.100	31.400
		<u>2.991.861</u>	<u>3.854.855</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	23	560.597	544.342
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir .....	23	615.819	657.323
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	23	587.274	185.391
		<u>1.763.690</u>	<u>1.387.056</u>
Skuldir		<u>4.755.551</u>	<u>5.241.911</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>6.138.714</u>	<u>6.247.794</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.





## YFIRLIT YFIR BREYTINGAR Á EIGIN FÉ FÉLAGSINS

### Eigið fé

	Stofnsjóður A-deild	Stofnsjóður B-deild	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Sérstakur endurmatsr.	Ójafnað tap	Samtals
Eigið fé 1.1.2008 .....	240.822	180.074	159.111	97.164	0	936.629	1.613.800
Tekjuskattsinneign 1.1. leiðrétt .....						21.065	21.065
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild .....	7.562						7.562
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild .....	(10.914)						(10.914)
Vextir af stofnsjóði A-deildar .....	21.672					(24.080)	(2.408)
Arður af stofnsjóði B-deildar .....						(28.560)	(28.560)
Heildartap ársins .....					960.317	(1.554.979)	(594.662)
<b>Eigið fé 31.12.2008</b>	<b>259.142</b>	<b>180.074</b>	<b>159.111</b>	<b>97.164</b>	<b>960.317</b>	<b>(649.925)</b>	<b>1.005.883</b>
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild .....	7.425					15	7.440
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild .....	(9.247)						(9.247)
Sérstakt endurmat millifært .....					(34.015)	34.015	0
Heildarhagnaður ársins .....					(32.693)	411.780	379.087
<b>Eigið fé 31.12.2009</b>	<b>257.320</b>	<b>180.074</b>	<b>159.111</b>	<b>97.164</b>	<b>893.609</b>	<b>(204.115)</b>	<b>1.383.163</b>

Fjárhæðir eru í þús. kr.

## YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2009

	Skýr.	2009	2008
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður ársins .....		110.933	125.142
Afskriftir og virðisryrnun .....	10/12	279.136	374.333
Söluhagnaður fastafármuna .....		(2.252)	(608)
Eftirlaunaskuldbinding .....	22	(3.300)	(13.900)
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b>384.517</b>	<b>484.967</b>
Vörubirgðir, lækkun (hækkun) .....		56.175	(440.773)
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur, (hækkun) .....		(31.547)	(355.752)
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, (lækkun) hækkun .....		(120.432)	369.305
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>288.713</b>	<b>57.747</b>
Innborgaðir vextir og arður .....		104.676	98.351
Greiddir vextir .....		(208.693)	(194.291)
Greiddir skattar .....		0	0
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>		<b>184.696</b>	<b>(38.193)</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	10	(131.724)	(458.165)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....		10.939	253.659
Breyting á eignarhlutum í félögum .....		1.000	(11.250)
Arður frá hlutdeildarfélögum .....	13	7.990	16.979
Skuldabréfaeign, breyting .....		4.895	5.129
		(106.900)	(193.648)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Skammtímalán við lánastofnanir, hækkun .....		7.527	65.119
Nýjar langtímaskuldir .....		475.000	374.025
Afborganir langtímaskulda .....		(556.515)	(171.505)
Stofnsjóðsgreiðslur A-deild .....	18	(1.807)	(5.761)
Arður af stofnsjóði B-deildar .....	18	0	(28.560)
		(75.795)	233.318
Hækkun handbærs fjár .....		2.001	1.477
Handbært fé í upphafi árs .....		25.035	23.558
Handbært fé í lok árs .....		27.036	25.035

Fjárhæðir eru í þús. kr.



## SKÝRINGAR

### 1. Starfsemi

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag, í eigu búvöruframleiðenda á félagssvæði sínu og almennra hluthafa. Félagið starfar á grundvelli laga um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Sláturfélagsins skv. samþykktum er Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi, Rangárvallasýsla, Árnassýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla auk bæja og kaupstaða innan framangreindra svæða.

Tilgangur félagsins er skv. samþykktum, að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins.

Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísu. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, kjötiðnaði og innflutningi matvæla, áburðar og fódurs.

Sláturfélag Suðurlands svf. er með höfuðstöðvar að Fosshálsi I, Reykjavík. Að Fosshálsi eru skrifstofur, markaðs- og söludeildir félagsins. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt dreifingu á framleiðsluvörum félagsins. Félagið rekur sláturhús á Selfossi ásamt úrbeiningu á kjöti og þökkunarstöð.

### 2. Reikningsskilaaðferðir

#### **Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla**

Samstæðuársreikningur Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2009 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS - International Financial Reporting Standards), sem staðfestir hafa verið af Evrópusambandinu.

#### **Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir**

Á árinu 2009 hafa eftirfarandi nýir staðlar og túlkanir tekið gildi:

- IFRS 2 (endurbættur) - Eignarhlutatengd greiðsla
- IFRS 7 (endurbættur) - Fjármálagerningar; skýringar
- IFRS 8 - Starfsþættir
- IAS 1 (endurbættur) - Framsetning reikningsskila
- IAS 23 (endurbættur) - Fjármagnskostnaður
- IAS 32 (endurbættur) - Fjármálagerningar
- IFRIC 13 - Tryggðarkerfi viðskiptavina
- IFRIC 15 - Samningar um byggingu fasteigna
- IFRIC 16 - Áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar í erlendri starfsemi

Innleiðing á ofangreindu hafa leitt til óverulegra breytinga í reikningsskilum félagsins.

Við samþykkt þessa ársreiknings hafa jafnframt margir staðlar og túlkanir verið samþykktir, en ekki tekið gildi. Nánar verður greint frá þeim í næsta ársreikningi. Stjórnendur gera ráð fyrir að innleiðing þeirra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á reikningsskil félagsins á því tímabili sem innleiðing þeirra á sér stað. Um nánari upplýsingar um einstaka staðla og túlkanir er bent á heimasíðuna [www.ias.com](http://www.ias.com).

#### **Grundvöllur reikningsskilanna**

Við gerð samstæðureikningsins þurfa stjórnendur í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og

Fjárhæðir eru í þús. kr.



## SKÝRINGAR

gjöld ársins. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir birtar í þúsundum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að fjáreignir eru færðar á gangvirði. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningskilaaðferðum félagsins.

### Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

### Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunartöku um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga. Samkvæmt hlutdeildaraðgerð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði og að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisýrnnun einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfærð hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

### Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast í samstæðunni er vegna mismunar á kaupverði dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptavild er færð til eignar og metin með tilliti til virðisýrnnunar á reikningsskiladegi. Við mat á virðisýrnnun er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis. Við núvirðisútreikning er notuð vaxtaþrósentia sem samsvarar vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar, þ.e. kostnaður skulda og eigin fjár að teknu tilliti til skatta. Ef gangvirði viðskiptavildar (núvirt vænt fjárstreymi) reynist lægra en bókfært verð er mismunurinn færður til gjalda.

### Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Félagið er ekki með framvirka gjaldmiðla- og valréttarsamninga, en félagið er með vaxtaskiptasamninga. Breytingar á gangvirði vaxtaskiptasamninga eru færðar í rekstrarreikning. Áhætta félagsins gagnvart innheimtu viðskiptakrafna er metin eðlileg, en viðskiptakröfur eru metnar m.v. áætlaða virðisýrnnun.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar á gangvirði móttækinnar eða innheimtanlegrar greiðslu að frádregnum afsláttum og vöruskilum. Tekjur eru skráðar þegar eftirfarandi þættir hafa átt sér stað. Áhætta og ávinningur af eignarrétti vörunnar flyst til kaupanda og eignarréttur færist til kaupanda, þegar unnt er að meta fjárhæð tekna með áreiðanlegum hætti og þegar félagið hefur haft hagrænan ávinning af viðskiptunum. Þegar kostnaður sem tengist viðskiptunum liggur fyrir eða hægt að meta hann með áreiðanlegum hætti.

Fjárhæðir eru í þús. kr.



## SKÝRINGAR

---

Þóknanir eru færðar á rekstrargrunni í samræmi við gerða samninga þegar hægt er að meta efnahagslegan ávinning og fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Þóknanir af samningum um framleiðslu eða sölu eru tekjufærðar þegar þær falla til í samræmi við undirliggjandi samninga. Þóknanir af þjónustusamningum sem ná yfir lengri tíma eru tekjufærðar línulega á samningstímanum.

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar.

Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum og arður af fjárfestingum er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt.

### Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og ávinningur af eignarréttindum sé framseldur leigutaka. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjámunna og afskrifaðar á nýtingartíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til nema að gengismunur sem tengist kostnaði vegna framkvæmda á eignum sem áætlaðar eru til framtíðar nota er heimilt að færa á viðkomandi eign að því marki sem litið er á eignfærsluna sem aðlögun að sambærilegum fjármagnskostnaði á markaði. Einnig á það við gengismunur í viðskiptum sem gerð eru í þeim tilgangi að verjast gengisáhættu og gengismunur vegna krafna eða skulda við erlend félög sem líklegt er að innheimtist ekki.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar eða sölu. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur talsverðan tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand.

### Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Skattskyldur hagnaður getur verið annar en reikningshaldslegur hagnaður. Reiknaður tekjuskattur miðast við gildandi skattthlutfall á reikningskiladegi.

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna viðskiptavildar því hún er ekki skattalega frádráttarbær. Jafnframt er frestaður tekjuskattur ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum ef talið er að móðurfélagið

Fjárhæðir eru í þús. kr.



## SKÝRINGAR

geti haft stjórn á því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við og ef talið er að viðsnúningurinn muni ekki verða í fyrirsjáanlegri framtíð. Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Fasteignir og lóðir eru endurmetnar á reikningsskiladegi og er endurmatið fært á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár. Endurmatið endurspeglar gangvirði eignarinnar á reikningsskiladegi að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Reglulega skal leggja mat á hvort verulegur munur er á endurmetnu bókfærðu verði og gangvirði eignarinnar.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega. Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti. Hagnaður eða tap vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Við sölu endurmetinna varanlegra rekstrarfjármuna er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

### Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi fer samstæðan yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð, er virði eignar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning en hafi eignin verið endurmetin kemur virðisrýrnunin fyrst til lækkunar á áður færðu endurmati.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Bakfærsla virðisrýrnunar færir í rekstrarreikning nema viðkomandi eign hafi áður verið endurmetin, en þá er hækkunin færð sem endurmatshækkun. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun viðskiptavildar.

### Verðbréf

Fjáreignum er skipt í eftirfarandi flokka: fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (Fair value through profit and loss), fjáreignir sem er ætlað að halda til gjalddaga (Held to maturity investments), fjáreignir til sölu (Available for sale), og lán og kröfuv. Flokkunin er ákveðin við upphafsskráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar.

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjárfestingar til gjalddaga þegar samstæðan á fjárfestingar, t.d. víxla eða skuldabréf, og hefur fyrirætlanir og getu til að eiga til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Skuldabréf í eigu samstæðunnar eru viðskiptabréf vegna sölu á fastafjármunum og er það ætluð samstæðunnar að eiga bréfin fram til lokagjalddaga verðbréfanna.

Fjárhæðir eru í þús. kr.



## SKÝRINGAR

### Birgðir

Afurðabirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðarverði og framleiðsluverði eða hreinu söliverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Rekstrarvörur og aðrar birgðir eru eignfærðar á kostnaðarverði. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefniskostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnað vegna framleiðslunnar. Hreint söluvirði er áætlað söliverði í venjulegum viðskiptum að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan endurspeglar mat stjórnenda á á þeirri virðisrýrnun sem viðskiptakröfur hafa orðið fyrir.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum miðað við aðferð virkra vaxta. Eftirstöðvar nafnverðs eru reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### Kaupréttarsamningar

Samstæðan hefur ekki gert kaupréttarsamninga við stjórnendur, starfsmenn eða aðra aðila tengda rekstrinum.

### Starfsþáttayfirlit

Rekstri samstæðunnar er ekki skipt niður á starfsþætti þar sem reksturinn er allur innan eins starfsþáttar. Starfsemi samstæðunnar felst að mestu í slátrun, vinnslu og sölu á landbúnaðarvörum. Auk þess er samstæðan með sölu á öðrum verslunarvörum og aðföngum til bænda. Hins vegar er hér að neðan birt yfirlit yfir tekjur samstæðunnar eftir landsvæðisskiptingu, en þar má sjá að langmestar tekjur samstæðunnar eru vegna sölu innanlands.

## 3. Sala

Sala félagsins greinist þannig eftir landssvæðum:

	2009	2008
Sala innanlands .....	6.660.510	6.267.269
Sala erlendis .....	459.931	337.995
	<u>7.120.441</u>	<u>6.605.264</u>

Helstu viðskiptavinir innanlands eru matvöruverslanir og kjötvinnslur. Einnig eru viðskiptavinir t.d. bændur, skólar og mótuneyti. Sala erlendis hefur að mestu verið til landa eins og Noregs, Sviss, Spáanar og Bandaríkjanna. Samstæðan selur til einnar rekstrarsamstæðu meira en 10% af tekjum, en sá aðili er með um 35% hlutdeild.

Fjárhæðir eru í þús. kr.



## SKÝRINGAR

### 4. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2009	2008
Laun .....	1.290.650	1.340.881
Launatengd gjöld .....	224.999	217.335
Annar starfsmannakostnaður .....	54.366	34.896
	<u>1.570.015</u>	<u>1.593.112</u>
Meðalfjöldi starfa .....	435	437

Launakjör og lífeyrissjóður stjórnenda og eignarhlutur sundurliðast þannig:

	Laun, hlunnindi og tengd gjöld	Eignarhlutir í B-deild
Hallfreður Vilhjálmsson, stjórnarformaður .....	407	10
Sigurlaug Jónsdóttir, varaformaður stjórnar .....	523	92
Aðalsteinn Guðmundsson, stjórnarmaður .....	465	32
Guðmundur Davíðsson, stjórnarmaður .....	0	58
Kristinn Jónsson, stjórnarmaður .....	174	9
Jónas Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður .....	1.045	10
Hreiðar Grímsson, fyrrverandi stjórnarmaður .....	523	104
Steinþór Skúlason, forstjóri .....	22.966	1.172
Forstöðumenn megindeilda Sláturfélagsins og Reykjaráðs (fjórir) .....	48.627	0
	<u>74.730</u>	<u>1.487</u>

### 5. Þóknun til endurskoðenda

	2009	2008
Endurskoðun ársreiknings .....	7.235	6.209
Könnun árschlutareikninga .....	2.110	1.910
Önnur þjónusta .....	2.714	1.433
Kjörnir skoðunarmenn .....	272	272
	<u>12.331</u>	<u>9.824</u>

### 6. Fjármunatekjur

	2009	2008
Vaxtatekjur .....	101.483	87.330
Vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfaeign .....	4.075	5.190
Arður af hlutabréfaeign .....	538	875
	<u>106.096</u>	<u>93.395</u>

### 7. Fjármagnsgjöld

	2009	2008
Vaxtagjöld .....	(78.740)	(62.785)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	(222.170)	(303.775)
Gengismunur .....	(108.799)	(1.567.413)
Niðurfelling verðbóta og gengistaps lána .....	565.327	0
	<u>155.618</u>	<u>(1.933.973)</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.



## SKÝRINGAR

### 8. Tekjuskattur

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2010 þar sem samstæðan er með yfirfæranlegt skattalegt rekstrartap umfram skattalegan hagnað ársins.

Þann 21. desember 2009 var samþykkt breyting á lögum um tekjuskatt sem fól í sér hækkun á tekjuskattshlutfalli úr 15% í 18%. Þessi lagabreyting öðlast gildi frá og með 1. janúar 2010. Hækkun skatthlutfalls á tekjuskattsinnæign í lok árs nemur 33 millj.kr. og er hækkunin tekjufærð í rekstrarreikning.

Hækkun skatthlutfalls á tekjuskattsskuldbindingu vegna endurmats fastafjármuna í lok árs nemur 33 millj.kr. og er hækkunin gjaldfærð í heildarafkomu ársins.

### 9. Hagnaður (tap) á hlut

Hagnaður (tap) á hverja krónu útstandandi stofnsjóða er reiknaður miðað við stöðu A- og B-deildar stofnsjóða, að frádregnum eigin bréfum Sláturfélagsins í B-deildinni, í upphafi og lok ársins. Stofnsjóðirnir eru lagðir saman og er þannig fengin út meðalstaða þeirra og er meðalstöðu stofnsjóða síðan deilt upp í afkomu ársins. Hagnaður á hlut á árinu 2009 er 0,94, en á árinu 2008 var tap á hlut 3,62.

### 10. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir	Vélar, áhöld og innréttingar	Bifreiðir	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í ársbyrjun 2008 .....	3.319.866	2.312.341	145.084	5.777.291
Eignfært á árinu .....	206.769	170.337	81.060	458.166
Endurmat eigna .....	1.129.785	0	0	1.129.785
Selt og aflagt á árinu .....	(246.420)	(17.232)	(13.599)	(277.251)
Staða í árslok 2008 .....	4.410.000	2.465.446	212.545	7.087.991
Eignfært á árinu .....	28.089	102.079	1.556	131.724
Selt og aflagt á árinu .....	(930)	(36.778)	(13.559)	(51.267)
Staða í árslok 2009 .....	4.437.159	2.530.747	200.542	7.168.448
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun 2008 .....	1.393.189	1.609.877	51.115	3.054.181
Afskrift ársins .....	83.607	151.474	18.619	253.700
Selt og aflagt á árinu .....	0	(17.232)	(6.967)	(24.199)
Staða í árslok 2008 .....	1.476.796	1.744.119	62.767	3.283.682
Selt og aflagt á árinu .....	0	(33.556)	(9.025)	(42.581)
Afskrift ársins .....	125.954	124.206	28.977	279.137
Staða í árslok 2009 .....	1.602.750	1.834.769	82.719	3.520.238
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun 2008 .....	1.926.677	702.464	93.969	2.723.110
Bókfært verð í árslok 2008 / ársbyrjun 2009	2.933.204	721.327	149.778	3.804.309
Bókfært verð í árslok 2009 .....	2.834.409	695.978	117.823	3.648.210
Afskriftarhlutföll .....	0-4%	6-20%	12-20%	

Fjárhæðir eru í þús. kr.

## SKÝRINGAR

Meðal fasteigna í eignaskrá er eign í Danmörku sem fyrirhugað er að selja. Bókfært verð er um 21 millj.kr. og er áætlað söluverð nokkuð hærra. Meðal fasteigna eru lóðir að bókfærðu verði um 32 millj.kr. sem ekki eru afskrifaðar.

Stjórnendur yfirfara mat á hrakvirði og nýtingartíma á hverjum reikningsskiladegi. Á rekstrarárinu 2009 var annars vegar afskriftarpóSENTA eign yfirfarin og breytt til samræmis við áætlaðan nýtingartíma eign og svo var hrakvirði eign yfirfarið og breytt til samræmis við uppfært mat stjórnenda á því. Metið hefur verið að við þessa breytingu hafi afskriftir í samstæðunni lækkað um 25 millj.kr. á árinu 2009, miðað við að sömu aðferð hefði verið beytt og á árinu 2008. Afskrift af endurmati eign sem var framkvæmt á árinu 2008, nam 40 millj.kr. á árinu 2009.

Fasteignamat og váttryggingamat eign félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttrygginga- mat
Fasteignir og lóðir .....	1.956.574	5.859.344
Vélar og tæki, eignatryggingar .....		3.457.699
Aðrar lausafjártryggingar .....		197.085
Rekstrarstöðvunartrygging .....		2.026.139

Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum að eftirstöðvum 1.236 millj. kr. í árslok 2009. Bókfært verð þeirra eign sem eru með veð og skuldbindingar eru 1.641 millj.kr.

### 11. Endurmat eigna

Þar sem markaðsverð eða nýtingarverðmæti fasteigna er talið verulegra hærra en bókfært verð, er bókfært verð þeirra í ársreikningi hækkað og fært til samræmis við áætlað markaðsverð eða nýtingarverð. Á árinu 2008 voru fasteignir endurmetnar með hliðsjón af verðmati sem gert var af Ferli ehf. verkfræðistofu. Endurmatshækkunin er um 63% af mati Ferils. Matsbreytingin 1.130 millj.kr. var færð til hækkunar á bókfærðu verði fasteigna og á sérstakan endurmatreikning meðal eiginfjár, að frádreginni reiknaðri tekjuskattsskuldbindingu. Fasteignir hafa ekki verið endurmetnar á árinu 2009.

### 12. Viðskiptavild

	31.12.2009	31.12.2008
Bókfært verð í ársbyrjun .....	0	120.632
Eignfært á árinu .....	0	0
Virðisrýrnun vegna Reykjarðs hf. ....	0	(120.632)
Bókfært verð í árslok .....	0	0

### 13. Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum

	Hlutdeild	Nafnverð	Meginstarfsemi
<b>Eignarhlutar í dótturfélögum:</b>			
Reykjarður hf, Reykjavík.....	100,00%	92.857	Sala á kjúklingum
<b>Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:</b>			
Hollt & Gott ehf., Reykjavík .....	50,00%	8.000	Sala á salati
Förgun ehf., Selfoss .....	38,40%	15.744	Förgun á úrgangi
Ísfugl ehf., Mosfellsbær .....	30,00%	4.982	Sala á kjúklingum
Birtill ehf., Reykjavík (engin starfsemi) .....	100,00%	10.000	Innflutningur

Fjárhæðir eru í þús. kr.



## SKÝRINGAR

Hagnaður af félögum sem eru hlutdeildarfélög nam 6,4 millj.kr. á árinu 2009. Arður frá hlutdeildarfélögum nam 8,0 millj.kr. á árinu 2009. Engin starfsemi var hjá félaginu Birtli ehf. á árinu 2009. Hlutdeild í afkomu og eiginfjárstöðu í félaginu Förgun ehf., er ekki færð þar sem eignarhlutur í því félagi hefur verið færður niður í reikningsskilum samstæðunnar. Eignarhlutur í öðrum félögum er eignfærður á kostnaðarverði að teknu tilliti til mats á virði þeirra.

### 14. Eignarhlutur í félögum

	31.12.2009	31.12.2008
Eignarhlutur í hlutdeildarfélögum .....	89.235	82.155
Eignarhlutur í öðrum félögum .....	12.409	13.409
	<u>101.644</u>	<u>95.564</u>

### 15. Skuldabréfaeign

Greining á skuldabréfaeign:

	31.12.2009	31.12.2008
Staða í ársbyrjun .....	27.581	27.523
Ný bréf á árinu .....	900	5.763
Innborganir á árinu .....	(5.795)	(8.775)
Verðbætur .....	1.541	3.070
Staða í árslok .....	24.227	27.581
Næsta árs afborgun .....	(5.040)	(5.333)
	<u>19.187</u>	<u>22.248</u>

Yfirlit yfir skuldabréfaeign:

	Vextir í %	31.12.2009	31.12.2008
Verðtryggð bréf .....	4,10%	19.244	18.252
Óverðtryggð bréf .....	11,0%	4.983	9.329
		<u>24.227</u>	<u>27.581</u>

### 16. Vörubirgðir

	31.12.2009	31.12.2008
Afurðir, vörur í vinnslu og fullunnar vörur .....	1.030.735	1.013.927
Rekstrarvörur .....	116.565	105.392
Ýmsar birgðir .....	292.577	376.733
	<u>1.439.877</u>	<u>1.496.052</u>
Tryggingaverðmæti birgða .....	1.439.877	1.496.052

Arion banki hf er með veð í hluta af birgðum samstæðunnar að fjárhæð 222 millj.kr.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

## SKÝRINGAR

### 17. Aðrar peningalegar eignir

#### Viðskiptakröfur

	31.12.2009	31.12.2008
Innlendar viðskiptakröfur .....	854.589	762.330
Áætluð virðisrýrnun krafna .....	(44.556)	(32.156)
	<u>810.033</u>	<u>730.174</u>
Áætluð virðisrýrnun krafna í ársbyrjun .....	(32.156)	(31.456)
Áætluð virðisrýrnun, aukning á árinu .....	(12.400)	(700)
	<u>(44.556)</u>	<u>(32.156)</u>

Niðurfærslan hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast og áætlaðra vöruskila. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Veittur gjaldfrestur samstæðunnar er að meðaltali 38 dagar, en mismunandi gjalddagi er á vörutegundum samstæðunnar, t.d. hefur verið lengri gjaldfrestur vegna áburðarsölu.

Arion banki hf. er með veð í hluta af viðskiptakröfum samstæðunnar að fjárhæð 126 millj.kr.

#### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2009	31.12.2008
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	19.771	9.689
Virðisaukaskattur .....	50.832	39.564
Aðrar kröfur .....	17.018	19.639
	<u>87.621</u>	<u>68.892</u>

#### Handbært fé

	31.12.2009	31.12.2008
Sjóður og bankainnstæður .....	27.036	25.035

### 18. Eigið fé

Stofnsjóður félagsins skiptist í tvo hluta, A-deild sem er mynduð af séreignarhlutum félagsmanna og B-deild sem er mynduð með sölu á hlutum í þeirri deild. Í A-deild stofnsjóðs leggst árlega ákveðinn hundradshluti af andvirði afurðainnleggs hvers félagsmanns eftir nánari ákvörðun félagsstjórnar.

Stofnsjóður A-deildar greinist þannig:

	31.12.2009	31.12.2008
Stofnsjóður í ársbyrjun .....	259.142	240.822
Vextir af stofnsjóði A-deildar .....	0	21.672
Stofnsjóðsgreiðslur í A-deild .....	(1.822)	(3.352)
	<u>257.320</u>	<u>259.142</u>

Stofnsjóður B-deildar greinist þannig:

	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutafé í árslok .....	100,00%	200.000
Eigin hlutir í árslok .....	(9,96%)	(19.926)
	<u>90,04%</u>	<u>180.074</u>

Á árinu 2008 var greiddur út 15,86% arður af B-deild, 28,6 millj.kr. og reiknaðir 10% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, 24,1 millj. kr. Á árinu 2009 var hvorki greiddur arður né reiknaðir vextir á stofnsjóði félagsins.

Fjárhæðir eru í þús. kr.



## SKÝRINGAR

### 19. Langtímaskuldir

Yfirlit yfir langtímaskuldir:

	Vextir í %	31.12.2009	31.12.2008
Skuldir í CHF .....	4,1-4,3%	815.800	934.994
Skuldir í EUR .....	2,0-4,8%	782.490	842.742
Skuldir í JPY .....	2,4-4,3%	716.203	818.854
Skuldir í USD .....	2,7-4,5%	340.590	447.170
Skuldir í GBP .....	4,0%	0	16.456
Skuldir í CAD .....	4,8%	67.814	57.039
Skuldir í myntkörfu .....	2,0-4,8%	48.238	88.249
		2.771.135	3.205.504
Verðtryggð lán í ÍSK .....	4,9-8,9%	726.891	799.180
Óverðtryggð lán í ÍSK .....	12,6%	53.009	4.162
		3.551.035	4.008.846
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....		(587.274)	(185.391)
Langtímaskuldir í árslok .....		2.963.761	3.823.455
Langtímaskuldir greinast þannig:			
		31.12.2009	31.12.2008
Skuldir við lánastofnanir .....		3.469.888	3.889.656
Skuldir vegna fjármögnunarleigusamninga .....		51.247	88.249
Skuldir við aðra .....		29.900	30.941
		3.551.035	4.008.846
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:			
		31.12.2009	31.12.2008
Afborganir 2010/2009 .....		587.274	185.391
Afborganir 2011/2010 .....		480.644	643.307
Afborganir 2012/2011 .....		131.035	534.957
Afborganir 2013/2012 .....		1.131.026	178.504
Afborganir 2014/2013 .....		178.514	1.137.257
Afborganir síðar .....		1.042.542	1.329.430
		3.551.035	4.008.846

Langtímaskuldir að fjárhæð 851 millj.kr. í árslok 2009 eru með þinglýst veð í eignum samstæðunnar.

Fjárhæðir eru í þús. kr.

## SKÝRINGAR

### 20. Fjármögnunarleigusamningar

Fjármögnunarleigusamningar hafa verið gerðir vegna ýmissa véla og tölvubúnaðar og er leigutíminn 3 - 5 ár. Skuldir vegna fjármögnunarleigusamninga eru tryggðar með veði í undirliggjandi eignum.

Skuldir vegna fjármögnunarleigusamninga:

	Lágmarks leigugreiðslur	
	31.12.2009	31.12.2008
Innan árs .....	34.401	41.965
Eftir 1-5 ár .....	16.846	50.446
Eftir meira en 5 ár .....	0	0
	<u>51.247</u>	<u>92.411</u>
Að frádrögnum framtíðarfjármagnsgjöldum .....	0	0
Núvirði lágmarksleigugreiðslna .....	<u>51.247</u>	<u>92.411</u>
	31.12.2009	31.12.2008
Fært á meðal vaxtaberandi skulda í langtímaskuldum .....	16.846	50.446
Fært á meðal vaxtaberandi skulda í skammtímaskuldum .....	34.401	41.965
	<u>51.247</u>	<u>92.411</u>

### 21. Frestaður skattur

	31.12.2009	31.12.2008
Staða í ársbyrjun .....	0	11.987
Leiðrétt tekjuskattsinneign 1.1. 2008 .....	0	(21.065)
Tekjusskattskuldbinding vegna sérstaks endurmats fasteigna í 18% úr 15% .....	32.693	169.468
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2009 / 2008 .....	(32.693)	(160.390)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2010 / 2009 .....	0	0
	<u>0</u>	<u>0</u>

#### Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	239.237	204.159
Aðrir liðir .....	37.982	42.455
Yfirfæranlegt tap .....	(277.219)	(246.614)
	<u>0</u>	<u>0</u>

### 22. Eftirlaunaskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við fyrrverandi starfsmenn félagsins. Miðað við 3% vexti er núvirði eftirlaunaskuldbindingar 28,1 millj.kr. og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi. Samkvæmt útreikningum á eftirlaunaskuldbindingu ná greiðslur á henni allt til ársins 2019. Á árinu lækkaði skuldbindingin um 3,3 millj.kr. vegna launagreiðslna ársins og endurreiknings á skuldbindingunni.

Fjárhæðir eru í þús. kr.





## SKÝRINGAR

### 23. Aðrar peningalegar skuldir

#### Skuldir við lánastofnanir

	31.12.2009	31.12.2008
Skammtímaskuldir við banka .....	496.193	491.920
Áfallnir vextir langtímalána .....	64.404	52.422
	<u>560.597</u>	<u>544.342</u>

#### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

	31.12.2009	31.12.2008
Viðskiptaskuldir .....	469.499	511.846
Ógreitt vegna launa og tengdra gjalda .....	97.226	89.254
Ýmsar skuldir .....	49.094	56.223
	<u>615.819</u>	<u>657.323</u>

#### Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2009	31.12.2008
Skuldir við lánastofnanir .....	547.784	147.724
Fjármögnunarleigusamningar .....	34.400	32.709
Aðrar langtímaskuldir .....	5.090	4.958
	<u>587.274</u>	<u>185.391</u>

### 24. Viðskipti tengdra aðila

	Eigna- hlutföll	Keyptar vörur og þjónusta	Seldar vörur og þjónusta	Viðskipta- staða 31.12.2009
Hollt & Gott ehf., Reykjavík .....	50,00%	13.212	68.132	10.110
Förgun ehf., Selfoss .....	38,40%	40.122	0	176
Ísfugl ehf., Mosfellsbær .....	30,00%	12.088	2.244	907
Birtill ehf., Reykjavík .....	100,00%	0	0	(4.304)

### 25. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum

#### Vaxtaáhætta

Fjármögnun félagsins byggist að mestu leyti upp á langtímaskuldum sem bera breytilega vexti. Félagið býr því við þá áhættu að hækkandi vextir muni leiða til hækkunar á vaxtakostnaði vegna fjármögnunar.

#### Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 25 og 50 punkta hækkun vaxta á nettó vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	2009		2008	
	25 pkt	50 pkt	25 pkt	50 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé í þús.kr.	(10.138)	(20.275)	(11.251)	(22.502)

Fjárhæðir eru í þús. kr.

## SKÝRINGAR

### Gengisáhætta

Stærstur hluti af fjármögnun félagsins er í erlendri mynt en á móti erlendri fjármögnun á félagið einnig bankainnstæður í erlendri mynt. Gengisáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar félagsins sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Upplýsingar um gengi taka til kaupgengis en ársflökt er reiknað út frá meðalgengi.

Mynt	Árslokagengi		Meðalgengi		Ársbreyting 2009
	2009	2008	2009	2008	
EUR .....	179,88	169,97	172,67	127,46	12,90%
GBP .....	201,60	175,40	193,90	159,30	16,90%
JPY .....	1,352	1,340	1,325	0,863	20,30%
CHF .....	121,26	113,92	114,32	80,69	13,90%
DKK .....	24,17	22,81	23,19	17,09	12,90%
NOK .....	21,67	17,30	19,80	15,41	15,00%
USD .....	124,90	120,87	123,59	88,07	15,40%

### Gengisáhætta 31.12.2009

	Eignir	Skuldir	Nettó staða
EUR .....	48.153	845.445	(797.292)
GBP .....	26	0	26
JPY .....	10.714	726.856	(716.142)
CHF .....	28	826.555	(826.527)
DKK .....	1.237	28.358	(27.121)
NOK .....	299	0	299
CAD .....	6	67.816	(67.810)
USD .....	10.755	360.704	(349.949)
	71.218	2.855.734	(2.784.516)

### Gengisáhætta 31.12.2008

	Eignir	Skuldir	Nettó staða
EUR .....	30.492	958.463	(927.971)
GBP .....	57	16.485	(16.428)
JPY .....	147	827.457	(827.310)
CHF .....	89	948.421	(948.332)
DKK .....	13.408	34.385	(20.977)
NOK .....	305	133.268	(132.963)
CAD .....	465	57.370	(56.905)
USD .....	12.864	452.734	(439.870)
	57.827	3.428.583	(3.370.756)

### Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 2,5% og 5% hækkun íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningskiladegi. Þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til eru að verulegum hluta erlendar lántökur og erlendar bankainnstæður. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting þeirra undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar um 2,5% og 5% gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Fjárhæðir eru í þús. kr.



## SKÝRINGAR

Áhrif á afkomu og eigið fé í þús.kr.	2009		2008	
	2,5%	5%	2,5%	5%
EUR .....	(16.344)	(32.689)	(19.023)	(38.047)
GBP .....	1	1	(337)	(674)
JPY .....	(14.681)	(29.362)	(16.960)	(33.920)
CHF .....	(16.944)	(33.888)	(19.441)	(38.882)
DKK .....	(556)	(1.112)	(430)	(860)
NOK .....	6	12	(2.726)	(5.451)
USD .....	(7.174)	(14.348)	(9.017)	(18.035)
CAD .....	(1.390)	(2.780)	(1.167)	(2.333)
	<u>(57.082)</u>	<u>(114.166)</u>	<u>(69.101)</u>	<u>(138.202)</u>

### Útlánaáhætta

Stefna félagsins varðandi útlánaáhættu er sú að að hafa þætti sem hana varða í eðlilegu samhengi við heildarefnahag félagsins. Gagna er aflað um skuldara eins og mögulegt er áður en til útlána er stofnað en útlán eru tryggð þegar talin er ástæða til þess.

Hámarksútlánaáhætta félagsins er sú staða sem er sundurliðuð hér að neðan.

### Sundurliðun á eignum sem tengjast útlánaáhættu í þús.kr.

	Bókfærð staða	
	31.12.2009	31.12.2008
Skuldabréfaeign .....	24.293	27.768
Viðskiptakröfur .....	810.033	730.174
Aðrar kröfur .....	67.851	68.892
Handbært fé .....	26.569	25.035
	<u>928.746</u>	<u>851.869</u>

### Lausafjánhætta

Eftirfarandi er yfirlit yfir lausafjástöðu félagsins um áramót. Athuga þarf að birgðastaða félagsins er mjög misjöfn eftir mánuðum og birgðir eiga eftir að lækka verulega fram á haustið, þegar næsta sláturtíð hefst.

	Innan árs	2011	2012 og síðar	Samtals
<b>Skuldir 31.12.2009</b>				
Vaxtaberandi skuldir, fljótandi vextir .....	1.126.200	461.107	2.345.331	3.932.638
Vaxtaberandi skuldir, fastir vextir .....	21.671	19.537	137.786	178.994
Aðrar skuldir, óvaxtaberandi .....	615.821	0	0	615.821
	<u>1.763.692</u>	<u>480.644</u>	<u>2.483.117</u>	<u>4.727.453</u>
<b>Eignir 31.12.2009</b>				
Vaxtaberandi eignir, fljótandi vextir .....	31.867	181	0	32.048
Vaxtaberandi eignir, fastir vextir .....	275	249	18.757	19.281
Aðrar eignir, óvaxtaberandi .....	897.654	0	0	897.654
	<u>929.796</u>	<u>430</u>	<u>18.757</u>	<u>948.983</u>
Nettó staða 31.12.2009 .....	<u>(833.896)</u>	<u>(480.214)</u>	<u>(2.464.360)</u>	<u>(3.778.470)</u>
<b>Skuldir 31.12.2008</b>	Innan árs	2-5 ár	Eftir 5 ár	Samtals
Vaxtaberandi skuldir .....	729.733	2.494.025	1.329.430	4.553.188
Aðrar skuldir, óvaxtaberandi .....	657.323	0	0	657.323
	<u>1.387.056</u>	<u>2.494.025</u>	<u>1.329.430</u>	<u>5.210.511</u>

Fjánhæðir eru í þús. kr.

## SKÝRINGAR

### Eignir 31.12.2008

Vaxtaberandi eignir .....	30.368	5.567	16.868	52.803
Aðrar eignir, óvaxtaberandi .....	799.066	0	0	799.066
	<u>829.434</u>	<u>5.567</u>	<u>16.868</u>	<u>851.869</u>
<b>Nettó staða 31.12.2008</b>	<u>(557.622)</u>	<u>(2.488.458)</u>	<u>(1.312.562)</u>	<u>(4.358.642)</u>

### 26. Ábyrgðir og önnur mál

Samstæðan hefur gert rekstrarleigusamninga sem ekki eru færðir í efnahagsreikning. Rekstrarleigusamningarnir eru vegna bifreiða og er leigutíminn til 2 - 4 ára og er leigan gjaldfærð mánaðarlega í rekstrarreikningi. Eftirstöðvar samningana í árslok 2009 nema 18,3 millj.kr. og koma um 15,7 millj.kr. til greiðslu á næsta ári.

Arion banki hf. er með að handveði 32,5 millj.kr. hlutabréfið í Reykjagarði hf. Einnig er Arion banki með veð í öllum eignum Reykjagarðs hf. vegna skulda þess félags við bankann.

Við fall bankanna haustið 2008 sköpuðust óvenjulegar og sérstakar aðstæður á íslenskum fjármálamarkaði. Í framhaldi af því hefur fjárhagsstaða Sláturfélagsins og samstæðunnar versnað vegna mikillar veikingar íslensku krónunnar þar sem skuldir samstæðunnar við lánastofnanir eru að stærstum hluta í erlendri mynt. Samstæðan er í skilum með öll sín lán og við lánadrottna samstæðunnar og hafa skuldir samstæðunnar lækkað milli árunna 2009 og 2008. Sláturfélag Suðurlands svf. hefur verið í viðræðum við Arion banka hf., viðskiptabanka sinn, vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar sem meðal annars felast í endurfjármögnun á bankalánnum félagsins og jafnari árlegum afborgunum á þeim lánum. Mikilvægt er fyrir samstæðuna að ná fram endurfjármögnun á næsta árs afborgun langtímaskulda, sem nema samkvæmt lánasamningum um 587 millj.kr.

### 27. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 26. febrúar 2010.



## FÉLAGSDEILDIR OG FORMENN 31.12.2009

ÖRÆFADEILD	Gunnar Sigurjónsson, Litla-Hofi
HÖRGLANDSDEILD	Jón Jónsson, Prestsbakka
KIRKJUBÆJARDEILD	Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri 2
SKAFTÁRTUNGUDEILD	Guðgeir Sumarliðason, Austurhlíð
ÁLFTAVERS- OG MEÐALLANDSDEILD	Guðbrandur Magnússon, Syðri-Fljótum
HVAMMSDEILD	Jónas Erlendsson, Fagradal
DYRHÓLADEILD	Einar Magnússon, Norður-Hvoli
A-EYJAFJALLADEILD	Sigurður Sigurjónsson, Ytri-Skógum
V-EYJAFJALLADEILD	Baldur Björnsson, Fitjamýri
A-LANDEYJADEILD	Eiríkur Davíðsson, Kanastöðum
V-LANDEYJADEILD	Brynjólfur Bjarnason, Lindartúni
FLJÓTSHLÍÐAR- OG HVOLHREPPSDEILD	Kristinn Jónsson, Staðarbakka
RANGÁRVALLADEILD	Þórir Jónsson, Selalæk 3
HOLTA- OG LANDMANNADEILD	Stefán Sigurðsson, Þjóðólfshaga
ÁSA- OG DJÚPÁRDEILD	Birkir Ármannsson, Brekku
GAULVERJABÆJARDEILD	Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli
ÁRBORGARDEILD	Björn Harðarson, Holti 1
HRAUNGERÐISDEILD	Þormóður Ólafsson, Hjálmholti
VILLINGAHOLTSDEILD	Einar Hermundsson, Egilsstaðakoti
SKEIÐADEILD	Ingvar Hjálmarsson, Fjalli 2
GNÚPVERJADEILD	Hörður Harðarson, Laxárdal
HRUNAMANNADEILD	Jóhanna Bríet Ingólfssdóttir, Hrafnkelsstöðum 1
BISKUPSTUNGNADDEILD	Kjartan Sveinsson, Bræðratungu
LAUGARDALSDEILD	Friðgeir Stefánsson, Laugardalshólum
GRÍMSNESDEILD	Björn Snorrason, Björk 2
ÞINGVALLA- OG GRAFNINGSDEILD	Halldór Kristjánsson, Stíflisdal
ÖLFUSDEILD	Halldór Guðmundsson, Hvammi
KJÓSARDEILD	Guðmundur H. Davíðsson, Miðdal
HVALFJARÐARDEILD	Matthías Sigurðsson, Hrafnabjörgum 1
BORGARFJARÐAR- OG MÝRARDEILD	Sigurður Jakobsson, Varmalæk
DALADEILD	Kjartan Jónsson, Dunki
SNÆFELLS- OG HNAPPADALSDEILD	Sigurður Þ. Helgason, Hraunholtum



## STJÓRNARHÆTTIR

Sláturfélag Suðurlands svf. (SS) er samvinnufélag. Um félagið gilda lög um samvinnufélög.<sup>1</sup> Leiðbeiningar Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja taka ekki að öllu leyti tillit til starfshátta samvinnufélaga sem eru í sumum veigamiklum atriðum ólík hlutafélögum. Af þessum sökum fylgir SS ekki að öllu leyti leiðbeiningum Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja.

### FÉLAGSFUNDIR

Félagsfundir hafa æðsta vald í málefnum félagsins með þeim hætti sem lög og samþykktir SS ákveða. Til félagsfunda, þ.m.t. aðalfunda þarf að boða með minnst 14 daga fyrirvara og skal dagskrá fundarins getið í fundarboði. Vegna fyrirkomulags á félagsfundum er ekki hægt að upplýsa með fyrirvara um aðila sem koma til með að gefa kost á sér til stjórnarsetu með sama hætti og í hlutafélögum. Í fundarboði kemur ekki fram tillaga um fundarstjóra enda ekki til staðar sérstök tilnefningarnefnd. Fundargerðir félagsfunda eru sendar fulltrúum sem sitja félagsfundi. Fulltrúar hafa einir atkvæðisrétt á félagsfundi.<sup>2</sup> Hlutaskrá B-deildar stofnsjóðs er aðgengileg og á vefsíðu félagsins eru birtar upplýsingar um 20 stærstu eigendur B-deildar.

### STJÓRN

Stjórn SS ræður öllum málum félagsins milli félagsfunda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Stjórnin gætir þess að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu horfi og að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunum. Stjórn SS er skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum. Skulu þeir kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna.<sup>3</sup> Vegna eðlis SS sem samvinnufélags eru stjórnarmenn jafnframt innleggjendur afurða og þar með félagsmenn.

Formaður félagsstjórnar stýrir stjórnarfundum. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Ef atkvæði eru jöfn, telst meirihluti þeim megin sem atkvæði formanns er. Stjórn dótturfélagsins Reykjagarðs hf. er skipuð tveimur af stjórnarmönnum SS en alls skipa fjórir stjórn félagsins.

Stjórn SS og dótturfélagsins Reykjagarðs hafa sett sér starfsreglur sem byggja á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út afViðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Í starfsreglunum er fjallað nánar um hlutverk og störf stjórna félaganna.

Upplýsingar um áhættustýringu er að finna í skýringu 2 í ársreikningi þar sem m.a. kemur fram að almenn stefna félagsins sé að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Í skýringu 25 er greining á áhættu tengdri fjármálagerningum.

### FORSTJÓRI

Forstjóri er ráðinn af stjórn SS og annast hann daglegan rekstur félagsins í samræmi við stefnu og fyrirmæli félagsstjórnarinnar og félagsfundar.<sup>4</sup> Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur forstjóri aðeins gert með samþykki stjórnarinnar. Það er jafnframt hlutverk forstjóra að starfsemi félagsins sé í samræmi við samþykktir félagsins og gildandi löggjöf þannig að hagsmunir félagsins séu hafðir að leiðarljósi.

### ENDURSKOÐENDUR, KJÖRNIR SKOÐUNARMENN OG ENDURSKOÐUNARNEFND

Á aðalfundi SS er kjörinn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfélag og á aðalfundi 2009 var Deloitte hf. kjörinn endurskoðandi félagsins. Deloitte hf. er jafnframt endurskoðandi dótturfélagsins Reykjagarðs hf.

Á aðalfundi SS eru einnig kjörnir skoðunarmenn til tveggja ára í senn og ganga þeir út sitt hvort árið. Á sama hátt eru kjörnir tveir skoðunarmenn til vara. Skoðunarmenn skulu vera úr hópi félagsaðila utan stjórnar. Skoðunarmenn skulu yfirfara rekstur félagsins og ársreikning, fylgjast með að innra eftirlit í rekstri félagsins sé í góðu lagi og fylgjast með framkvæmd samþykpta félagsfunda og stjórnar. Þeir gefa aðalfundi skýrslu um störf sín.

<sup>1</sup> Lög um samvinnufélög nr. 22/1991.

<sup>2</sup> 23. gr. samþykpta Sláturfélags Suðurlands svf.

<sup>3</sup> 27. gr. samþykpta Sláturfélags Suðurlands svf., sjá nánar skilyrði.

<sup>4</sup> 29. gr. samþykpta Sláturfélags Suðurlands svf.



## STJÓRNARHÆTTIR

---

Stjórn SS skipaði endurskoðunarnefnd á árinu 2009 og setti henni starfsreglur en endurskoðunarnefndin er undirnefnd stjórnar. Endurskoðunarnefndina skipa skoðunarmenn félagsins og varaformaður stjórnar. Með þessu hefur starfssvið kjörinna skoðunarmanna verið fært inn í endurskoðunarnefndina, sem starfar sem samskiptaaðili milli stjórnar félagsins, stjórnenda og ytri endurskoðenda. Meginverkefni nefndarinnar er að aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilaferli félagsins og innra eftirliti hans ásamt störfum ytri og innri endurskoðenda félagsins.

### AÐRAR NEFNDIR

Á aðalfundi SS er kosin nefnd sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögu að launum stjórnar, skoðunarmanna og greiðslur til fulltrúa á félagsfundum. Sérstök starfskjaranefnd með víðtækara hlutverk hefur ekki verið talin ástæða til að skipa þar sem stjórn félagsins ræður forstjóra félagsins og ákveður kjör hans. Forstjóri ræður aðra starfsmenn. Þó skal forstjóri hafa samráð við stjórn félagsins um ráðningu starfsmanna í stjórnunarstöður.

Ekki hefur verið skipuð sérstök tilnefningarnefnd til að koma með tilnefningu stjórnarmanna þar sem samþykktir félagsins og löng hefð er fyrir að tillögur um stjórnarmenn komi beint frá fulltrúum á aðalfundi og þeir komi úr hópi félagsmanna.<sup>5</sup>

---

<sup>5</sup> l. mgr. 27. gr. samþykktá Sláturfélags Suðurlands svf.





## STARFSHÆTTIR

---

Í gegnum tíðina hafa skapast og verið skapaðar hefðir um það hvernig starfsmenn félagsins vinna að markmiðum sínum. Í samkeppni á markaði leggur félagið áherslu á eftirfarandi starfshætti sem mikilvæga eiginleika SS fólks.

Þessir starfshættir eru hluti af því sem við erum og með mikilvægari þáttum í rekstri félagsins sem stuðla að velgengni.

Starfsháttum okkar viljum við skipta í fimm þætti sem eru eftirfarandi :

### FRUMKVÆÐI

Til að halda forystu á markaði þarf frumkvæði. Frumkvæði til að gera nýja hluti, vera leiðandi. Á markaði látum við hlutina gerast með nýjum vörum, nýrri þjónustu og bjóðum viðskiptavinum okkar verðmæti í viðskiptum sem taka fram því sem keppinautar bjóða. Með þeim hætti einum getum við tryggt stöðu okkar.

Inn á við höfum við frumkvæði til að gera sífellt betur. Jafnt stjórnendur sem aðrir starfsmenn. Ekkert er gert eingöngu af því að það hafi alltaf verið gert eins áður. Umhverfið breytist í sífellu og við þurfum að breytast með og á undan öðrum. Það eina sem breytist ekki er þörfin á sífelldri endurskoðun, sífelldum breytingum.

Við höfum frumkvæði til að leita nýrra leiða til að auðvelda okkur verkin og skapa aukin verðmæti starfsfólki og fyrirtæki til góða.

### SAMVINNA

Heildin er sterkari en einstaklingarnir. Með því að vinna saman að sameiginlegu markmiði náum við árangri. Fyrirtækið er óslitin keðja þar sem reynir á hvern hlekk. Samvinna deilda, samvinna starfsmanna skapar árangursríkan og skemmtilegan vinnustað. Við stefnum fram á við og viljum vaxa í starfi og njóta til þess samvinnu og stuðnings fyrirtækisins.

Í keppni á markaði erum við metin sem heild og það er frammistaða heildarinnar sem skiptir höfuðmáli gagnvart viðskiptavinum.

### GÆÐI

Okkur er treyst til að framleiða og dreifa matvælum til neytenda. Þessu trausti fylgir sú ábyrgð að vanda til verka. Standa undir nafni og styðja og styrkja það álit sem við njótum á markaði. Gott mannorð starfsfólks og fyrirtækis er gulls ígildi. Í allri starfsemi höfum við gæði að leiðarljósi með það að markmiði að gera hvern hlut aðeins einu sinni og gera hann rétt.

### ÞJÓNUSTA

Þjónusta snýst um að viðskiptavinir fái vörur með réttum hætti. Að samskipti þeirra við félagið séu ánægjuleg og árangursrík og að mætt sé þörfum þeirra innan þeirra marka sem félagið setur sér. Þjónusta lýtur einnig að því að sjá fyrir þarfir viðskiptavina og bjóða þeim með þeim hætti aukin verðmæti í viðskiptum við félagið.

Þjónusta snýr einnig inn á við að eigendum og samstarfsfólki. Styrkir samvinnu og gerir kröfu um gagnkvæma virðingu í samskiptum jafnt inn á við sem út á við.

### RÁÐDEILD

Við sýnum ráðdeild í rekstri og brúðlum ekki með fjármuni félagsins. Vinnuumhverfi og búnaður skal uppfylla ströngustu kröfur en ekki vera ofhlaðið eða bera með sér íburð.

Samstarfsmenn, eigendur og viðskiptavinir skulu sjá á öllu framferði okkar að vel sé farið með fjármuni. Hagkvæmni og ráðdeild skapa virðingu.

Fjárhæðir eru í þús. kr.







**SLÁTURFÉLAG** **SS** **SUÐURLANDS**

Sláturfélag Suðurlands svf  
Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík